



FÉLAG STARFSMANNA STJÓRNARRÁÐSINS

Alþingi

Erindi nr. D 120,1436

komudagur 16/4 1996

Dagsetning

Nefndadeild Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík


12. apríl 1996

## Umsögn Félags starfsmanna stjórnarráðsins um frumvarp til laga um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna.

Félag starfsmanna stjórnarráðsins er aðili að BSRB, félagið hefur sjálfstæðan sammingsrétt en skv. núgildandi lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins hefur það ekki verkfallsrétt. Í félaginu eru 290 félagsmenn eða ríflega helmingur starfsmanna stjórnarráðsins.

Í 22. gr. ofangreinds frumvarps kemur fram að skipaðir starfsmenn stjórnarráðsins verði embættismenn og hafi þar af leiðandi ekki sammingsrétt heldur fari kjör þeirra eftir úrskurði kjaradóms eða kjaranefndar. Nú eru u.þ.b. 40 félagsmenn skipaðir, þannig að verði þetta frumvarp að lögum mun stórlega skerðast sammingsréttur félagsins.

Með vísan til ofanritaðs, og umsagnar BSRB um sama frumvarp, mælist stjórn Félags starfsmanna stjórnarráðsins eindregið til þess að frumvarpið verði dregið til baka og endurskoðun á lögnum verði unnin í fullu samráði við heildarsamtök ríkisstarfsmanna.



Áslaug H. Úlfisdóttir formaður